

Nd.

21. Breytingartillögur

[8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni og Pétri Péturssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

- a. Á eftir B. 41 koma fimm nýir liðir:
 1. *Snorrastaðavegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
 2. *Syðri-Rauðamelsvegur*: Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.
 3. *Stórahraunsvegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
 4. *Höfðavegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan Haffjarðarár upp með ánni að Höfða.
 5. *Ytri-Rauðamelsvegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergs að Ytri-Rauðamel.
- b. B. 46 orðist svo:

Skógarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.
- c. B. 49 orðist svo:

Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.
- d. Á eftir B. 53 kemur nýr liður:

Miðhúsavegur: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.
- e. Á eftir B. 60 koma tveir nýir liðir:
 1. *Hofstaðavegur*: Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.
 2. *Helgafellsvegur*: Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.
- f. Á eftir B. 62 kemur nýr liður:

Haukabrekkuvegur: Af Skógarstrandarvegi innan Stóra-Langadalsár að Haukabrekku og Stóra-Langadal.